



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Hugvísindasvið

# **Bíldudalur, byggð og kvóti**

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Hávarður Örn Hávarðsson**

**Júní 2010**

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Sagnfræði**

# **Bíldudalur, byggð og kvóti**

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Hávarður Örn Hávarðsson**

**Kt.: 030671-5119**

**Leiðbeinandi: Guðmundur Hálfðanarson**

**Júní 2010**

## Ágrip af efni ritgerðarinnar

Hér verður reynt að varpa ljósi á það af hverju fólki fækkar stöðugt á Vestfjörðum. Bíldudalur verður í forgrunni, en til samanburðar verður litið til Suðureyrar við Súgandafjörð og Bolungarvíkurkaupstaðar. Farið verður yfir tilkomu kvótakerfisins í sjávarútvegi og kannað hvort samhengi er á milli kvóta og íbúapróunar á þessum þremur stöðum. Kannað verður hvort tekist hafi að fara eftir 1. grein laga um stjórn fiskveiða um það að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu.

## Efnisyfirlit

Ágrip af ritgerðinni .....	3
Inngangur .....	5
Bíldudalur á fyrri tíð .....	6
Stjórnun fiskveiða .....	12
Atvinna og byggð .....	17
Niðurstöður .....	27
Heimildaskrá .....	29

## Línurit og mynd

Línurit 1: Íbúar á Bíldudal 1940 – 2005 .....	20
Línurit 2: Úthlutað aflamark á Bíldudal 1985 – 2010 .....	21
Línurit 3: Íbúar á Suðureyri 1940 – 2005 .....	22
Línurit 4: Úthlutað aflamark á Suðureyri 1985 – 2010 .....	23
Línurit 5: Íbúar í Bolungarvík 1940 – 2005 .....	24
Línurit 6: Úthlutað aflamark í Bolungarvík 1985 – 2010 .....	25
Mynd 1: Mannfjöldi eftir svæðum 2006 og breyting frá 1986 ...	26

## Inngangur

Hér verður reynt að varpa ljósi á það af hverju fólki fækkar stöðugt á Vestfjörðum. Fyrst og fremst verður kaптúnið Bíldudalur í Vestur-Barðastrandarsýslu tekið fyrir. Til samanburðar verða svo kaптúnið Suðureyri við Súgandafjörð í Vestur-Ísafjarðarsýslu og kaupstaðurinn Bolungarvík í Norður-Ísafjarðarsýslu. Þessir staðir voru valdir vegna þess að höfundur er borinn og barnfæddur Bílddælingur og Suðureyri var lengi vel svipuð að stærð og Bíldudalur, þó aðeins stærri. Bolungarvík er síðan talsvert stærri bær, en fróðlegt að sjá hvort sama þróun hafi verið þar og á minni stöðunum.

Kannað verður hvort beint samband sé milli minnkandi fiskveiðikvóta (aflaheimilda) og fækkunar íbúa á þessum þremur stöðum. Byggðavandamál og sú búseturöskun sem þeim fylgir er ekkert séríslenskt fyrirbrigði. Um allan heim flytur fólk úr sveit í þéttbýli og úr smábæjum í borgir. Þessi þróun hefur einkennt íslenskt samfélag síðan fyrir síðari heimsstyrjöld. Hornstrandir fóru í eyði löngu áður en kvótakerfið komst á í sjávarútvegi, þannig að ekki er hægt að kenna því um alla fólksfækkun á landsbyggðinni. En nú í seinni tíð hefur kvótakerfið haft áhrif á búsetuþróun á Íslandi. Án kvóta er nánast útilokað að gera út báta við Íslandsstrendur. Það er varla rekstrargrundvöllur fyrir því að leigja kvóta á skip og halda uppi atvinnu á þann hátt. Á árum áður var þetta öðruvísi. Ef skip var selt úr byggðarlagi var alltaf hægt að kaupa annað í staðinn og byrja að gera út. Það hefur svo sem ekki breyst, allir geta keypt skip, en kvótalaust fer það tæplega á veiðar.

Hér verður fyrst gefið yfirlit yfir sögu Bíldudals, síðan verður litið á lög um stjórn fiskveiða og að lokum verður fjallað um íbúafjölda og kvótatölur á þessum þremur stöðum. Yfirlitið yfir fjölda íbúa nær frá 1940 og kvótatölur frá 1985.

## Bíldudalur á fyrri tíð

Bíldudalur er sá staður sem á lengsta samfellda þilskipasögu hér á landi. Þar munu seglskútur hafa verið óslitið í 130 ár, eða frá 1806–1936. Skipin munu hafa orðið fæst á árunum 1860–1870, aðeins tvö eða þrjú, en flest um aldamótin 1900, nálægt tuttugu.<sup>1</sup> Bíldudalur varð fljótlega fastur verslunarstaður eða í byrjun einokunartímans og var hann jafnan seldur kaupmönnum með Patreksfirði og seldur dýrar en hann. Sem dæmi má nefna að þegar verslunarstaðir voru boðnir út árið 1715 var Bíldudalsverslunarstaður verðlagður á 745 ríkisdali en Vatneyrarverslun á 700. Arnarfjörður var og er nokkuð fisksæll. Bíldudalshöfn er skjólgóð fiskihöfn og staðurinn lá betur en Vatneyri við Patreksfjörð við fjölmennum sveitum til verslunarviðskipta. Það var styttra fyrir fólkið í Austur-Barðastrandarsýslu að fara yfir heiðar til Bíldudals en út með öllum Patreksfirði til Vatneyrar.

Árið 1798 (árið 1789 eða 1790 segir í Skútuöldinni)<sup>2</sup> keypti Ólafur Thorlacius Bíldudalsverslun. Hann hefur verið nefndur einn af frumkvöðlum þilskipaútgerðar og nýrra verslunarháttanna í fisksölu á Íslandi. Hann byrjaði fyrstur Íslendinga á því að sigla með saltfisk beint á Spánarmarkað. Meðan hann byggði

---

<sup>1</sup> Gils Guðmundsson: *Skútuöldin*, bls. 249.

<sup>2</sup> Sama heimild, bls. 80.

upp markaðinn sigldi hann sjálfur utan með skipum sínum og sá um sölu á farminum. Síðan fór hann landleiðina til Kaupmannahafnar til að sinna innkaupum fyrir verslunina og út til Íslands kom hann með haustskipum. Ólafur bætti mjög saltfiskverkunina og fékk af því gott orð á Spánarmarkaði. Hann hefur trúlega saltað fiskinn í stæður í stað þess að þækilsalta fiskinn í kör, eins og tíðkaðist áður. Ólafur Thorlacius auðgaðist brátt og keypti bæði verslanir á Ísafirði og Stykkishólmi og var hann á fyrsta áratug 19. aldarinnar talinn ríkastur allra kaupmanna á Íslandi.<sup>3</sup> Hann hafði þrjú skip í fiskflutningum fyrir sínar þrjár fiskihafnir og tvö þilskip gerði hann út. Fiskflutningaskipin voru svo á fiskveiðum yfir sumartímamann.

Ólafur Thorlacius lést af slysförum í Kaupmannahöfn árið 1815, en ekkja hans, Guðrún Thorlacius, rak Bíldudalsverslun í 12 ár eftir lát hans. Árið 1827 giftist hún fyrsta lærða íslenska skipstjóranum, manni að nafni Þorleifur Jónsson. Hann hafði tekið danskt stýrimannapróf árið 1809. Hann var aflasæll skipstjóri og efnaðist það mikið að hann var kallaður „hinn ríki“.<sup>4</sup> Lengst mun Þorleifs verða getið í sambandi við umbætur við verkun á saltfiski. Hann náði slíkum árangri í fiskverkun að „Bíldudalsfiskur“ þótti bera af öllum öðrum fiski sem frá Íslandi kom.<sup>5</sup> Þorleifur seldi Bíldudalsverslun til Eriks Olsens og dalar heldur verslunin og þilskipaútgerðin á hans tíma. Olsen og verslunarstjóra hans var lýst sem ágætum mönnum en engum skörungum.<sup>6</sup> Olsen seldi síðan til Hákonar Bjarnasonar.

---

<sup>3</sup> Gils Guðmundsson: *Skútuöldin*, bls. 83.

<sup>4</sup> Ásgeir Jakobsson: *Bíldudalskóngurinn*, bls. 102–103.

<sup>5</sup> Gils Guðmundsson: *Skútuöldin*, bls. 252–254.

<sup>6</sup> Ásgeir Jakobsson: *Bíldudalskóngurinn*, bls. 104.

Hákon hafði verið um skeið verslunarstjóri hjá Olsen. Um árið 1870 keypti hann Bíldudalsverslunina og efldi bæði verslunina og þilskipaútgerðina. En í apríl árið 1877 varð hann úti á Mýrdalssandi eftir að skip hans strandaði. Hann var að koma frá Danmörku með skipið fullt af vörum en lenti í vondu veðri. Mannbjörg varð en allir nema tveir af skipshöfnini urðu úti á Mýrdalssandi. Ekkja hans, Jóhanna Þorleifsdóttir, vildi fljótlega selja verslunina og kaupandi fannst árið 1879 og fékk hann hana afhenta 1880.<sup>7</sup> Þessi kaupandi var Pétur Jens Thorsteinsson. Hann keypti verslunarstaðinn Bíldudal fyrir 10.000 krónur, 4.000 krónur við afhendingu og síðan 1.000 krónur á ári næstu sex árin. Síðasta greiðsla skyldi verða 1. september 1886 og vextir voru ákveðnir 4%.<sup>8</sup> Þessar 10.000 krónur hafa verið þó nokkuð miklir peningar á þessum tíma. Erfitt er að reikna upphæðina til núvirðis, þar sem verðlag hefur mörgþúsundfaldast frá árinu 1880. Með því að miða við almenna verðlagsvísitölu (vísitala neysluverðs án húsnæðis) frá 1880 til 2010 fást um það bil 800.000.000 krónur.<sup>9</sup> Hvað keypti Pétur Thorsteinsson fyrir alla þessa peninga? Landamerki lóðarinnar út með dalnum voru í klettinum Bana (klettur fyrir ofan veginn út í Ketildali yst í þorpinu) og beina leið til fjallsbrúnar og svo eftir Bíldudalsfjalli eftir vatnshalla. Inn með dalnum voru landamerkin við land Litlu-Eyrrar við Bröttubakkatanga og beina línu upp á fjallsbrún. Mannvirki á lóðinni voru eftirfarandi árið 1880: Íbúðarhús, pakkhús, fiskhús og hjallur, allt úr timbri, heyhlaða úr torfi og grjóti, geymsluhús úr torfi og grjóti, eldiviðarhús, bræðsluhús úr timbri, lítill torfbær, smiðja áföst bænum, fjós, fjárhús, hesthús, brunnur fyrir framan íbúðarhúsið og svo einn

---

<sup>7</sup> Ásgeir Jakobsson: *Bíldudalskóngurinn*, bls. 104–106.

<sup>8</sup> *Bíldudalsminning*, bls. 27.

<sup>9</sup> *Hagskinna*, bls. 637 og vísitala neysluverðs, hagstofa.is.



húsgrunnur. Íbúar voru engir, nema kaupmaðurinn og fjölskylda hans.<sup>10</sup> Næstu árin eftir að Pétur Thorsteinsson keypti verslunarstaðinn tók við uppbygging á nýju þorpi. Byggðar voru bryggjur, hús smíðuð, vegir lagðir og járnbrautarteinar frá bryggju inn í hús og þaðan út um alla lóð. Vatnsleiðsla lá út á bryggju, smiðja og bakarí voru byggð. Pétur og fjölskylda fluttu svo til Kaupmannahafnar árið 1903 og komu aldrei aftur til Bíldudals. Þá voru íbúar bæjarins 311. Pétur er þó á Íslandi hvert sumar og þá á Bíldudal. Bíldudalseignirnar renna inn í hið svokallaða Milljónafélag, sem hét reyndar P.J. Thorsteinsson & Co, þegar það var stofnað árið 1907. Þegar það hætti starfsemi árið 1914 var öllum afskiptum Péturs J. Thorsteinssonar af Bíldudal lokið.<sup>11</sup> Segir lítið af Bíldudal næstu árin.

Árið 1938 hefjast rækjuveiðar í Arnarfirði. Voru það tveir menn úr Selárdal, þeir Kristján Reinaldsson og Jón Kristmundsson, sem byrjuðu á 6 tonna báti sem hét Hinrik og þeir áttu sjálfir. Ísfirðingur að nafni Kristinn Pétursson kenndi þeim félögum handtökin, enda voru Ísfirðingar þá þegar byrjaðir á rækjuveiðum í Ísafjarðardjúpi. Miðin reyndust vera nokkuð fengsæl,<sup>12</sup> eða a.m.k. nógu góð til þess að þáverandi eigandi Bíldudalseigna, Gísli Jónsson vélaeftirlitsmaður og síðar alþingismaður, reisti þar rækjuverksmiðju. Gísli hafði mikinn áhuga á að koma á fót slíkri verksmiðju á Bíldudal og hafði hann því samband við Þorvald Guðmundsson niðursuðufræðing, sem síðar var kenndur við verslunina Síld og fisk í Reykjavík, en hann starfaði þá á Ísafirði. Þorvaldur kom til Bíldudals og leit á aðstæður og niðurstaða hans var sú að aðstæður fyrir rækjuverksmiðju væru ákjósanlegar. Einnig var Sigurður Thoroddsen verkfræðingur með í ráðum, en

---

<sup>10</sup> *Bíldudalsminning*, bls. 28–29.

<sup>11</sup> Sama heimild, bls. 48–49, 70–71.

<sup>12</sup> Halldór Hermannsson: „Upphaf og þróun rækjuveiða og -vinnslu á Íslandi.“ bls. 78–79.

hann var þá staddur á Bíldudal. Á þessum árum var Gísli Jónsson potturinn og pannan í atvinnulífi Bíliddælinga.<sup>13</sup>

Gísli fæddist í Litlabæ á Álftanesi við Faxaflóa 17. ágúst 1889 en faðir hans, Jón Hallgrímsson, var bóndi þar og síðar kaupmaður á Bakka í Bakkadal við Arnarfjörð. Gísli ólst upp á Álftanesi og í Bakkadal og voru systkinin fjórtán, þeirra á meðal var Guðmundur Kamban rithöfundur. Gísli lauk prófi úr vélfræðideild Stýrimannaskólans í Reykjavík árið 1914 og prófi úr Vélstjórnarskóla Íslands árið 1916. Hann var vélstjóri á togurum og hjá Eimskipum á árunum 1911–1924. Hann var umsjónarmaður skipa og véla 1924, gerði teikningar, verklýsingar og samninga um smíði skipa fyrir einstaklinga og ríkissjóð, þar á meðal nýsköpunartogara ríkissjóðs 1945–1950.<sup>14</sup> Gísli keypti Bíldudalseignir árið 1938 og átti staðinn allt til 1953 þegar hann með gjafabréfi afhenti Suðurfjarðahreppi lóðir og lendur sem þá voru óseldar. Gísli Jónsson er síðasti einkaeigandi Bíldudalseigna.<sup>15</sup>

Þorvaldur Guðmundsson fékk kunningja sinn Þorvald Friðfinnsson til að fara til Þýskalands og læra þar niðursuðu. Lærði hann hjá sama manni og Þorvaldur hafði lært hjá, dr. H. Metzner í Hamborg.<sup>16</sup> Þeir Þorvaldur og Gísli teiknuðu svo verksmiðjuna með aðstoð Erlings Þorkelssonar vélfræðings. Byggðu þeir steinsteypt verksmiðjuhús, 30 metra langt, 12 metra breitt og 5 metra hátt. Í húsinu var vinnusalur, vélasalur og vörugeymsla, allt var raflýst og upphitað og búið góðri vatnsveitu svo unnt væri að gæta fyllsta hreinlætis við

---

<sup>13</sup> Gylfi Gröndal: *Saga athafnaskálds*, bls. 148.

<sup>14</sup> Jón Guðnason og Pétur Haraldsson: *Íslenskir samtíðarmenn*, bls. 191.

<sup>15</sup> *Vef. Arnfirdingur.is*.

<sup>16</sup> Gylfi Gröndal: *Saga athafnaskálds*, bls. 110–111.

framleiðsluna. Þorvaldur Guðmundsson aðstoðaði svo við val á vélum og voru þær allar keyptar frá fyrirtækinu Atlas í Danmörku og af nýjustu og bestu gerð. Þegar Þorvaldur Friðfinnsson kom til baka frá Þýskalandi, lærður niðursuðufræðingur, var hann gerður að framkvæmdastjóra rækjuverksmiðjunnar og annaðist hann uppsetningu vélanna og allan lokaundirbúning. Afköst þessarar verksmiðju voru 7.500 dósir á dag af rækju eða annarri niðursuðu og fengu um 90 manns atvinnu í verksmiðjunni.

Rækjuverksmiðjan var vígð með viðhöfn sunnudaginn 6. september 1938 að viðstöddu fjölmenni. Gísli Jónsson hafði leigt Gullfoss til að flytja gesti til vígslunnar og lúðrasveit lék fyrir gesti og gangandi.<sup>17</sup> Ef satt er að um 90 manns hafi unnið í verksmiðjunni hefur þetta verið sannkölluð stóriðja á þeirra tíma mælikvarða, enda íbúar Bíldudals 280 árið 1939.<sup>18</sup> Í tímaritinu *Ægi* segir aftur á móti árið 1942 um verksmiðjuna að hún hafi byrjað í marsmánuði það árið og aðeins starfað í 104 daga. Að meðaltali unnu í verksmiðjunni 22 starfsmenn að sögn tímaritsins. Það er langur vegur frá þeim 90 sem eiga að hafa starfað þar í upphafi. Þó að allir séu taldir, sjómenn á bátum, starfsfólk í niðursuðunni, starfsfólk í fiskimjölverksmiðjunni sem vann hæsnafóður úr rækjuskelinni, þá er langt í 90 manns, nema flestir þeirra hafi verið í hlutastarfi. Árið 1942 tók verksmiðjan á móti 54 tonnum af fiski til vinnslu, 30 tonnum af þorski, 22 tonnum af steinbít og tæpum tveimur tonnum af löngu. Auk þessa var unnið úr fjórum tonnum af hrognum og tíu tonnum af rækju. Allur fiskur var flakaður og roðflettur og soðinn þannig niður. Alls voru framleiddar 19.129 hálfskílógramms

---

<sup>17</sup> Gylfi Gröndal: *Saga athafnaskálds*, bls. 148–151.

<sup>18</sup> *Vef. Mannfjöldi*, Hagstofa Íslands.

dósir af fiskafurðum. Hrognaframleiðslan var alls fjögur tonn í hálfum og heilum dósum. Rækjan varð 3,5 tonn af rækjumauki og 165 kg af rækju á neytendamarkað. Fiskúrgangur og annar úrgangur varð 33 tonn. Úrgangurinn hefur því verið um það bil 50% af hráefninu.<sup>19</sup> Ekki góð nýting það. Nýtingin hefði þó orðið verri ef ekki hefði verið framleitt rækjumauk. Í maukið voru notaðar bæði frosnar og brotnar rækjur sem hefði annars orðið að henda. Rækjumaukið tókst að selja til Bretlands í stríðinu þó að Bretar hefðu bannað innflutning á rækjum í stríðsbyrjun.<sup>20</sup>

Húsið sem Gísli lét byggja var notað sem niðursuðuverksmiðja allt fram undir 1973. Þar voru hinar víðfrægu Bíldudals grænu baunir framleiddar ásamt annarri niðursuðuvöru, s.s handsteiktum kjötbollum. Eftir að niðursuðan hætti starfsemi var húsinu breytt í sláturhús. Um tíma var það notað sem kvikmyndaver, en innisenur myndarinnar Skammdegi, frá árinu 1985, eftir Þráinn Bertelson voru teknar í húsinu. Síðar var þar saltfiskverkun og nú er þar Skrímslasetur sem opnaði sumarið 2009, en sögur af hvers konar skrímslum eru óvída fleiri á Íslandi en í Arnarfirði. Þar sem fjörðurinn er djúpur er skrímslavænt og til eru sögur um skrímsli sem réðust á bæi í Arnarfirði.<sup>21</sup>

## Stjórnun fiskveiða

Rekja má upphaf umræðu um stjórnun fiskveiða við Ísland til hinnar svokölluðu „Svörtu skýrslu“ Hafrannsóknarstofnunar frá október 1975 um ástand fiskistofna við landið. Íslendingar færðu út fiskveiðilögsögu sína til að stjórna veiðum á

---

<sup>19</sup> *Ægir* 35:1 (1942), bls. 44–45.

<sup>20</sup> *Ægir* 33:1 (1940), bls. 34–35.

<sup>21</sup> *Fréttablaðið* 21. desember 2007, bls. 22.

miðunum við landið, síðast úr 50 mílum í 200 mílur árið 1975. Til að ná samningum við þær þjóðir sem veiddu hér við land og fá þær til að viðurkenna 200 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland, fengu þjóðirnar veiðiheimildir innan lögsögunnar. Fengu erlendar þjóðir að veiða 150.000 tonn af þorski, ýsu, ufsa og karfa árið 1976. Þetta voru um 40% af þeim tæplega 400.000 tonnum, sem samkvæmt „Svörtu skýrslu“ Hafrannsóknarstofnunar mátti veiða á árinu 1976 af öllum þessum tegundum samanlagt, hér við land.<sup>22</sup> Samkvæmt skýrslunni var ástand helstu nytjastofna við landið slæmt. Þetta kallaði á að draga þyrfti mikið úr sókn í fiskinn. Máltakið „þeir fiska sem róa“ hafði verið í fullu gildi hingað til, allir gátu átt skip og báta og róið á miðin. En „Svarta skýrslan“ sagði að minnka þyrfti heildarafla af þorski um helming, svo að þorskaflinn færi ekki yfir 230.000 tonn árið 1976. Meðalafli síðustu árána á undan hafði aftur á móti verið um 400.000 tonn á ári. Hafrannsóknarstofnun lagði áherslu á að yrði ekkert að gert myndi þorskur hreinlega hverfa af miðunum við Ísland. Þá var komið á svokölluðu banndagakerfi sem var fiskveiðikerfi íslendinga á árunum 1976–1983. Þetta kerfi gengur venjulega undir nafninu skrapdagakerfi. Það dregur nafn af þeim dögum sem togurum var bannað að veiða þorsk, en þeir dagar voru kallaðir skrapdagar. Helstu takmarkanir í kerfinu voru lokun ákveðinna veiðisvæða, þ.e. lokun hrygningarsvæða og uppeldissvæða, og tímabundnar svæðalokanir. Síðan voru reglur um möskvastærð og bann við veiðum á ákveðnum tímabilum. Skrapdagakerfið var umdeilt og ekki talið ná þeim markmiðum sem stefnt var að. Aðallega voru menn óánægðir með tvennt. Í fyrsta lagi hafði flotinn stækkað stjórnlaust sem gerði veiðarnar óhagkvæmar. Í öðru lagi tókst ekki að halda

---

<sup>22</sup> *Þjóðviljinn* 10.júní 1976, bls. 4.

aflamagni innan þeirra marka sem ákveðin höfðu verið. Þessi óánægja varð til þess að farið er að kanna nýjar leiðir til að stjórna fiskveiðunum og þá komst kvótakerfið inn í umræðuna.<sup>23</sup>

Tillaga um kvótafyrirkomulag á fiskveiðum kom einna fyrst fram frá Fjórðungssambandi Austurlands á 37. fiskipingi árið 1978. Fjórðungssamband Vestfirðinga er eina fjórðungssambandið sem hefur verið á móti kvótakerfinu frá upphafi, en Vestfirðingar vildu halda skrapdagakerfinu. Á 38. fiskipingi árið 1979 gerðist hið sama, Austfirðingar vildu kvótakerfi en Vestfirðingar voru á móti. Á 39. fiskipingi árið 1980 sagði Steingrímur Hermannsson, þáverandi sjávarútvegsráðherra og þingmaður Vestfirðinga, að meginverkefni ráðuneytisins og Fiskifélagsins væri að móta nýja fiskveiðistefnu. Steingrímur var ekki hlynntur því að koma á kvótakerfi, því það hafi ýmsa ókosti í för með sér og ekki var samstaða meðal hagsmunaaðila um það. Að þessu leyti hefur ekkert breyst: Austfirðingar vildu kvótakerfi en Vestfirðingar voru á móti. Á 42. fiskipingi árið 1983 höfðu viðhorfin breyst. Þetta átti þó ekki við um Vestfirðinga, því þeir vildu halda skrapdagakerfinu og höfnuðu kvótakerfinu. Fulltrúar allra annarra landshluta á þinginu vildu nú kvótakerfi. Sjávarútvegsráðherra var þá Halldór Ásgrímsson, þingmaður Austurlands, og taldi hann það æskilegt að gera tilraun með kvótakerfi árið eftir, en þó bara fyrir togara. Það sem skýrir þessa viðhorfsbreytingu meirihluta fiskipingsfulltrúa er það að þorsstofninn hrundi. Hafrannsóknarstofnun hafði lagt til að veiðd skyldu 300.000 tonn af þorski að hámarki árið 1983, en veiðin var svo léleg að hún náði ekki þessu marki.

---

<sup>23</sup> Halldór Jónsson: „Ákvarðanataka í sjávarútvegi“ bls. 114–116.

Reyndar varð þorskveiði ársins 1983 hin lakasta í mörg ár.<sup>24</sup> Vestfirðingar hafa verið andstæðingar kvótakerfisins frá upphafi. Þeir samþykktu kvótann á 42. fiskiþingi á þeirri forsendu að fyrirkomulagið gildi til eins árs eða meðan þorskstofninn væri í lægð. Töldu þeir þannig sjálfsagt að afnema kerfið eftir að þorskurinn var farinn að hjarna við, eins og gerðist strax árið 1984.<sup>25</sup>

Árið 1984 var bátum undir 10 brúttórúmlestum úthlutað 3,77% af heildarafla ársins, en sókn hvers báts hvorki takmörkuð með sóknar- eða aflamarki. Ef hinn sameiginlegi heildarkvóti fór fram úr áætlun var heimilt að stöðva veiðarnar. Þessari heimild var þó ekki beitt, enda þótt aflinn árið 1984 yrði 5,9% af heildaraflanum. Næstu sex ár þar á eftir þrefaldaðist afli smábátanna frá 15 þúsund tonnum í 48 þúsund tonn og hlutdeild þeirra í heildarþorskafla var orðin rúm 14% árið 1990. Smábátum fjölgaði úr 1.060 árið 1984 í 2.045 árið 1990 og þar með kom þessi mikla hlutdeildar- og aflaukning. Með lögnum 1990 var aflamark sett á báta 6–10 brúttórúmlestir, en minnstu bátarnir, krókaleyfisbátarnir svokölluðu, stóðu eftir sem áður utan við kerfið. Krókaleyfisbátum fjölgaði fyrir vikið úr 742 árið 1990 í 1.126 árið 1994 og aflahlutdeild þeirra úr 5% árið 1990 í 22% fiskveiðiárið 1994/1995. Heildarveiði það fiskveiðiár var 164 þúsund tonn og þar af veiddu krókaleyfisbátar 36 þúsund tonn. Næstu árin á eftir jókst afli krókaleyfisbáta og fiskveiðiárið 1999/2000 var þorskaflinn um 41 þúsund tonn eða 16% af heildarafla og heildarbotnfiskafli um 60 þúsund tonn.<sup>26</sup>

---

<sup>24</sup> Hagskinna, bls. 324.

<sup>25</sup> Halldór Jónsson: „Ákvarðanataka í sjávarútvegi“ bls. 120–127.

<sup>26</sup> Axel Hall, Ásgeir Jónsson, Sveinn Agnarsson og Tryggvi Þór Herbertsson: „Staðleysur og staðreyndir um íslenska kvótakerfið.“ bls. 55.

Frá 1985 og fram til 1990 var öllum skipum gefinn kostur á að velja á milli sóknar- og aflamarks og margar útgerðir völdu sóknarmarkið. Árið 1986 var aðeins um 30% af heildarþorskafla veiddur af kvótaskipum. Þetta hlutfall hafði vaxið í um 50% árin 1988–1990. Til að hvetja útgerðarmenn til að flytja sig yfir í aflamarkskerfið var sóknarmarksskipum, sem fluttu sig yfir í aflamarkskerfið árin 1986–1987, gefinn kostur á að auka hlutdeild sína í heildarafla. Allir bátar, sex brúttórúmllestir og stærri, voru settir á samræmt aflamark með lögnum árið 1990. Skip með lágt aflamark fengu sérstakar bætur sem námu 40% af því sem upp á vantaði til að þau næðu meðaltali í sínum skipaflokki.<sup>27</sup>

Það má með sanni segja að það hafi verið slæmt fyrir Vestfirðinga að hafa ekki lengur sjávarútvegsráðherrann úr sínu kjördæmi. Eftir að Austfirðingurinn og stuðningsmaður kvótakerfisins, Halldór Ásgrímsson, varð sjávarútvegsráðherra snerist gæfuhjólíð gegn Vestfirðingum. Þegar ákveðið var að setja grálúðu inn í kvótakerfið, gekk ráðherrann út frá því að aflareynsla réði ekki úthlutun á grálúðukvótanum, heldur var kvótanum skipt jafnt á milli togara landins, svo að skip á Austfjörðum fengu kvóta í fiski sem þau höfðu lítið sem ekkert veitt í gegnum tíðina, en Vestfirðingar sem höfðu mesta aflareynslu í grálúðu fengu þá jafnmikið í sinn hlut og allir aðrir.<sup>28</sup>

Árið 1990 voru ný lög um stjórn fiskveiða samþykkt. Þar með var kvótakerfið fest í sessi til frambúðar og frjálst framsal aflaheimilda leyft. Flestir hafa eflaust heyrt fyrstu grein laganna margoft en hún er þannig:

---

<sup>27</sup> Sama heimild, bls. 54.

<sup>28</sup> *Alþingistíðindi* 1993–94. B, d. 4433–4434.



Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.<sup>29</sup>

## Atvinna og byggð

Hvernig hefur svo tekist að fara eftir markmiðum laganna um að stuðla að traustri atvinnu og byggð í landinu? Á þessum tíma, þ.e. árið 1990, voru gerðir út frá Bíldudal ísfisktogarinn Sölvi Bjarnason BA 65, rækjutogariinn Þröstur HU 48 og vélskipið Geysir BA 148, sem gert var út á rækju og línuveiðar. Á Suðureyri var ísfisktogarinn Elín Þorbjarnardóttir ÍS 700 og vélskipið Sigurvon ÍS 500. Bolvíkingar höfðu togarana Heiðrúnu ÍS 4 og Dagrúnu ÍS 9. Heildarafli þessara skipa árið 1990 var 13.937 tonn.<sup>30</sup> Íbúar á þessum þremur stöðum voru samtals 1.907 árið 1990, en árið 2005 hafði þeim fækkað í 1.443, eða um 464 á 15 árum (sjá frekar um íbúapróun í línuritum síðar). Fljótlega eftir tilkomu kvótakerfisins fór að síga á ógæfuhliðina hjá Vestfirðingum. Fiskvinnslan á Bíldudal, sem var stofnuð 1975, var tekin til gjaldþrotaskipta árið 1992, að ósekju að sögn framkvæmdastjóra fyrirtækisins. Hélt hann því fram að fyrirtækið væri alls ekki gjaldþrota, en með Fiskvinnslunni fór dótturfélagið Útgerðarfélag

---

<sup>29</sup> Vef. Lög nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða.

<sup>30</sup> *Útvegur 1990*, bls 181–194.

Bílddælinga í þrot. Þar með fóru skipin Geysir og togarinn Sölvi Bjarnason ásamt kvótanum á skipunum úr byggðarlaginu.<sup>31</sup> Í byrjun árs 1991 hafði Rækjuver selt rækjutogarann Þröst til Akraness. Togarinn hafði landað til skiptis á Bíldudal og Blönduósi en sömu eigendur voru að rækjuverksmiðjum staðanna.<sup>32</sup> Sömu sögu er að segja af Suðureyri og Bolungarvík, togarar staðanna eru farnir. Fiskiðjan Freyja á Suðureyri sameinaðist fleiri fyrirtækjum í Básafelli á Ísafirði sem var keypt af Útgerðarfélaginu Tjaldi í Reykjavík árið 1999 og að lokum sameinað því fyrirtæki undir nafninu Brim hf.<sup>33</sup> Þar með fór kvóti Súgfirðinga suður, með viðkomu á Ísafirði.

Fyrirtækið Einar Guðfinnsson í Bolungarvík varð gjaldþrota árið 1993 og kvótinn fór til Grindavíkur. Það sem kom í staðinn eru litlir bátar. Fólk reyndi að bjarga sér með hraðfiskibátum, en tími skuttogara er liðinn á þessum stöðum.<sup>34</sup>

Áhrif eftir landshlutum yrðu mismunandi ef sóknarmark yrði tekið upp við stjórnun fiskveiða við Ísland. Útgerðarstaðir sem næst liggja fiskimiðunum gætu hagnast á kostnað þeirra sem fjær eru. Þetta er vegna þess að við sóknarmark verða veiðarnar að keppni milli skipa og byggðarlaga. Þeir sem eiga stysta leið til hafnar frá miðunum hafa því möguleika á því að veiða mest. Veiðipól fiskistofnanna er takmarkað og ef þeir sem eru nær veiða meira, hlýtur minna að koma í hlut þeirra sem fjær

---

<sup>31</sup> Jakob Kristinsson: „Útgerðarsaga Bíldudals.“

<sup>32</sup> *Morgunblaðið* 13. febrúar 1991, „Úr verinu“ bls. 8.

<sup>33</sup> *Vef. Brim hf.*

<sup>34</sup> *Morgunblaðið* B. 6. júlí 2003, bls. 2–3.

eru. Þess vegna myndi sóknarmark hugsanlega leiða til byggðaröskunar innan landsbyggðarinnar, styrkja sumar byggðir en veikja aðrar. Það er því eðlilegt að Vestfirðingar séu hallari undir sóknarmarkskerfi, þar sem frá Vestfjörðum er stutt á góð þorskið.<sup>35</sup>


Skoðun Vestfirðinga á kvótakerfinu kemur vel fram í orðum þessa Bílddælings: „Ég er alinn upp í þorpi á Vestfjörðum þar sem stutt er á gjöful mið. En það er sama hversu miðin eru gjöful, þau verða ekki þorpinu til happs eftir tilkomu kvótakerfisins.“<sup>36</sup> Kvótakerfinu var m.a. komið á til að vinna gegn ofveiði á Íslandsmiðum og það skapaði um leið aðstæður til að reka útgerð með arðvænlegri hætti en áður var hægt.<sup>37</sup> Eins og segir í fyrstu grein laganna frá 1990 þá var áherslan á sameign þjóðarinnar á fiskistofnum, verndun þeirra og viðhaldi byggðar og atvinnu í landinu.

---

<sup>35</sup> Axel Hall, Ásgeir Jónsson, Sveinn Agnarsson og Tryggvi Þór Herbertsson: „Staðleysur og staðreyndir um íslenska kvótakerfið.“ bls. 54.

<sup>36</sup> Jón Sigurður Eyjólfsson: „Auðlindin og hugvitið.“


<sup>37</sup> Atli Harðarson: „Er kvótakerfið ranglátt?“ bls. 11.



Línurit 1. Íbúafjöldi á Bíldudal, 1940–2009.


Heimild: <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Byggdakjarnar,-postnumer,-hverfi>.

Hér sést vel að íbúum tekur að fækka eftir 1990, en Fiskvinnslan varð gjaldþrota 1992 og togarinn Sölvi Bjarnason var seldur til Grundarfjarðar með öllum kvóta. Kvótinn sést á næsta línuriti. Eins og sést hefur íbúum fækkað úr 350 í 170 á árabílinu 1990–2009.



Línurit 2. Útlutað aflamark í botnfiski (þorskur, ýsa og ufsi) á Bíldudal árin 1985–2010. Heimild: Tölvupóstur frá Fiskistofu um útgefinn kvóta til Bíldudals, dagsettur 7.1.2010 og önnur gögn frá Fiskistofu.


Kvóti á Bíldudal hefur minnkað stöðugt síðustu ár. Það sést á línuritinu að ofan að með minnkandi kvóta fækkar fólkinu á staðnum. Þorp sem byggir tilveru sína á veiði og vinnslu sjávarafurða getur illa lifað án þess að hafa aðgang að fiskinum í sjónum.



Línurit 3. Íbúafjöldi á Suðureyri 1940–2009.

Heimilid: <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Byggdakjarnar,-postnumer,-hverfi>.


Fólki fækkar á Suðureyri eftir 1980 alveg til 1995, en íbúafjöldin hefur verið nokkuð stöðugur síðan. Koma þar til betri samgöngur með tilkomu jarðganga til Ísafjarðar sem opnuðu árið 1996. Þegar jarðgöngin opnuðu komst Suðureyri í öruggt vegasamband allt árið og þar með á sama atvinnusvæði og Ísafjörður. Fólk getur búið á Suðureyri en unnið á öðrum stöðum á svæðinu.



Línurit 4. Útlutað aflamark í botnfiski (þorskur, ýsa og ufsi) á Suðureyri árin 1985–2010. Heimild: Tölvupóstur frá Fiskistofu um útgefinn kvóta til Suðureyrar, dagsettur 7.1.2010 og önnur gögn frá Fiskistofu.

Fiskveiðiárið 1993/1994 virðist útgerð nánast leggjast af á Suðureyri.

Aðeins einn smábátur er gerður út með engan kvóta, en 2000/2001 er sprenging í útgerðinni og margir smábátar eru gerðir út.




Línurit 5. Íbúafjöldi í Bolungarvík 1940–2009.

Heimild: <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Byggdakjarnar,-postnumer,-hverfi>.


Fólki hefur fækkað í Bolungarvík síðan 1985 en það virðist ekki vera beint samband á milli fólksfjölda og kvóta bæjarins. Fækkun fólks er stöðug en kvótinn sveiflast mikið upp og niður, eins og sést á næsta línuriti.





Línurit 6. Úthlutað aflamark í botnfiski (þorskur, ýsa og ufsi) í Bolungarvík árin 1985–2010.  
 Heimild: Tölvupóstur frá Fiskistofu um útgefinn kvóta til Bolungarvíkur dagsettur 7.1.2010 og önnur gögn frá Fiskistofu.

Bolvíkingum hefur tekist frá síðustu aldamótum að bæta við sig aflaheimildum, en vantar þó töluvert til að ná 8.000 tonnum sem mest var árið 1986.



Mynd 1. Mannfjöldi eftir svæðum 2006 og breyting frá 1986.  
Heimild: Fréttablaðið 6. nóvember 2009, bls. 20.

Á myndinni sést að fólki hefur fækkað um 20,9% í Ísafjarðarsýslum en um 37,9% í Vestur-Barðastrandarsýslu. Höfuðstaður Vestfjarða er Ísafjörður og þar er stjórnsýsla fyrir fjórðunginn, en íbúar á sunnanverðum Vestfjörðum geta lítið nýtt sér þá þjónustu sem er til staðar á Ísafirði. Landleiðin er ófær yfir veturinn og vegurinn lélegur yfir sumartímann. Íbúar í Barðastrandarsýslum leita því suður til Reykjavíkur eftir þeirri þjónustu sem þá vantar. Til að gera Ísafjörð að höfuðstað allra Vestfirðinga þurfa að koma til samgöngubætur milli suðursvæðis Vestfjarða og norðursvæðisins og besta leiðin til þess eru jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Það

myndi styrkja alla byggð á Vestfjörðum að sameina öll sveitarfélög á Vestfjörðum í eitt, en án samgöngubóta er það ekki hægt.

## Niðurstöður

Niðurstaða þessarar rannsóknar er að einn stærsti áhrifavaldur þess að fólki fækkar stöðugt á Vestfjörðum er kvótakerfið í fiskveiðum. Það að binda kvóta á skip og hafa síðan frjálst framsal á kvótanum leiddi til þess að kvótinn færðist á færri skip, en það var einn tilgangur kvótakerfisins í upphafi. Sjávarútvegurinn átti að verða hagkvæmari með færri skipum. Hefði kannski verið betra í upphafi að binda kvótann við hvert byggðarlag í stað þess að binda hann við skip og hafa ekkert framsal á milli byggðarlaga? Með því hefði kvótinn haldist í hverju sveitarfélagi fyrir sig, þó að skip væri selt í burtu. En á móti kæmi að hagræðingin, sem hefur fylgt núverandi kerfi, væri engin. Allt of mörg skip væru að veiða við Íslandsstrendur, eins og var áður fyrr.

Það hefði kannski verið betra fyrir Vestfirðinga að vinna með kvótakerfinu frá upphafi, en ekki vinna á móti því. Eins og fram hefur komið hafa Vestfirðingar verið á móti kvótakerfinu frá upphafi. En með því að vinna með kerfinu eins og aðrir útgerðaraðilar á landinu hefðu Vestfirðingar getað keypt til sín aflaheimildir og útgerðarfyrirtækin getað eflst og dafnað. Vestfirðingar voru frekar fylgjandi einhverskonar sóknarmarkskerfi í stað aflamarkskerfis sem varð ofan á. Ef það hefur verið raunverulegur tilgangur löggjafans með lögnum um stjórn fiskveiða,

samkvæmt fyrstu greininni, að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu, þá hefur það alls ekki tekist á Vestfjörðum. Sérstaklega hefur það ekki tekist á sunnanverðum Vestfjörðum, þar sem fólki hefur fækkað hvað mest. Ef raunverulegt markmið stjórnvalda var að koma í veg fyrir byggðaröskun, mistókst þar algjörlega. Með minnkandi aflaheimildum fækkaði störfum í sjávarútveginum, bæði útgerð og vinnslu. Með fækkun starfa fækkaði fólki. Fyrir fórst að byggja upp önnur atvinnutækifæri á Vestfjörðum til að koma í stað þeirra sem töpuðust í sjávarútveginum. Þar af leiðandi hefur fólki fækkað hvað mest á Vestfjörðum síðustu ár, þrátt fyrir nálægðina við gjöful fiskimið. En nálægðin skiptir ekki máli ef íbúarnir mega ekki nýta fiskimiðin við bæjardyrnar.

Það hefur ekki hjálpað byggðapróun á Vestfjörðum hvað samgöngur innan svæðisins eru erfiðar, sérstaklega yfir veturinn. Til að tryggja trausta atvinnu og byggð á Vestfjörðum hefði þurft að fara í stóratök í vegagerð á Vestfjörðum strax árið 1990, þegar kvótakerfið var sett á. Með betri samgöngum á milli svæða er meiri möguleiki á samvinnu fólks og fyrirtækja.

Suðureyri og Bolungarvík virðast njóta þess að vera á stærra atvinnusvæði en Bíldudalur og standa þess vegna betur af sér minnkandi kvóta. Atvinnutækifærin eru einfaldlega færri á minni stöðum þegar kvótinn fer og litlir möguleikar á að byggja upp aðra atvinnu en fiskveiðar og fiskvinnslu.

## Heimildaskrá

Alþingistíðindi 1993–94. 117. B, 3. Reykjavík, 1994.

Axel Hall, Ásgeir Jónsson, Sveinn Agnarsson og Tryggvi Þór Herbertsson: „Staðleysur og staðreyndir um íslenska kvótakerfið.“ *Morgunblaðið* 9. júní 2001, bls. 54–55.

Ásgeir Jakobsson: *Bíldudalskóngurinn. Athafnasaga Péturs J. Thorsteinssonar*. Útgáfustaðar ekki getið, 1990.

Atli Harðarson: „Er kvótakerfið ranglátt?“ *Skírnir*, (vor 1999), bls 7–25.

*Bíldudalsminning Ásthildar og Péturs J. Thorsteinsson*. Lúðvík Kristjánsson sá um útgáfuna. Reykjavík, 1951.

*Fréttablaðið*. 21. desember 2007, bls. 22.

*Fréttablaðið*. 6. nóvember 2009, bls. 20.

Gils Guðmundsson: *Skútuöldin*. Önnur útgáfa aukin. Útgáfustaðar ekki getið, 1977.

Gylfi Gröndal: *Saga athafnaskálds. Þorvaldur Guðmundsson í Síld og fisk*. Reykjavík, 1998.

*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*. Ritstjórar: Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon. Reykjavík, 1997.

Halldór Hermannsson: „Upphaf og þróun rækjuveiða og -vinnslu á Íslandi.“ *Ægir* 73:2 (1980) bls. 67–85.

Halldór Jónsson: „Ákvarðanatöku í sjávarútvegi og stjórnun fiskveiða.“ *Samfélagstíðindi. Tímarit þjóðfélagsfræðinema við Háskóla Íslands*. 10 (1990) bls. 99–141.

Jón Guðnason og Pétur Haraldsson: *Íslenskir samtíðarmenn*, fyrra bindi. A–J. Reykjavík. 1965.

Jón Sigurður Eyjólfsson: „Auðlindin og hugvitið.“ *Fréttablaðið*, 25.nóvember 2009, bls. 24.

*Morgunblaðið*. 13. febrúar 1991, „Úr verinu“, bls. 8.

*Morgunblaðið*, B. 6. júlí 2003, bls 2–3.

*Tölvupóstur*: Öll gögn um aflaheimildir fengnar frá Fiskistofu. Tölvupóstur dagsettur 7.1.2010 um fiskveiði árin 1992/1993–2009/2010 en eldri gögnin frá 1985–1991/1992 eru ekki til rafrænt og voru sótt til Fiskistofu.

*Útvegur 1990*. Fiskifélag Íslands. Útgáfustaðar ekki getið. 1991.

Vef. Arnfirdingur.is. <http://www.arnfirdingur.is/page3.asp?ID=554>. Sótt 10.3.2010.

Vef. Brim hf. <http://www.ua.is/fyrirtaekid/>. Sótt 14.3.2010.

Vef. Jakob Kristinsson: „Útgerðarsaga Bíldudals.“ <http://www.arnfirdingur.is/flokkar.asp?flokkur=1425>. Sótt 18.9.2009.

Vef. Lög nr 38/1990 um stjórn fiskveiða. <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1990038.html>. Sótt 18.9.2009.

Vef. Mannfjöldi. Hagstofa Íslands. <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Byggdakjarnar,-postnumer,-hverfi>. Sótt 15.9.2009.

Vef. Vísitala neysluverðs. Hagstofa Íslands. <http://www.hagstofa.is/?PageID=711&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=VIS01000%26ti=Breytingar+%E1+v%EDsit%F6lu+neysluver%F0s+fr%E1+1988%26path=../Database/visitolur/neysluverd/%26lang=3%26units=Vísitölur og hlutföll>. Sótt 14.3.2010.

*Þjóðviljinn*. 10. júní 1976, bls. 4.

*Ægir*: 33:1 (1940) bls. 34–35.

*Ægir*: 35:1. (1942) bls. 44–45.